# Sunnudagur 5. febrúar

## SJÓNVARPIÐ

14.00 **Meistaragolf.** Svipmyndir frá mótum atvinnumanna í golfi í Bandaríkjunum og Evrópu. Umsjón Jón Óskar Sólnes.
14.55 **Hægt og hljótt**Fyrri hluti djassþáttar með Pétri Östlund og félögum tekinn upp á Hótel Borg. Áður á dagskrá 1. desember 1988.
15.30 **„Sænska mafían"**Þáttur um sænsk áhrif í íslensku þjóðfélagi fyrr og nú. Áður á dagskrá 9. janúar 1989.
16.05 **Kínverski ballettinn á ferð** (The Central Ballet of China). Breskur sjónvarpsþáttur um hinn víðfræga kínverska ballett á sýningarferð í Bandaríkjunum.
17.05 **Sun Ra og hljómsveit** (Mystyery Mr. Ra) Franskur þáttur með hinum sérstæða tónlistarmanni Sun Ra og hljómsveit hans.
17.50 **Sunnudagshugvekja.** Séra Yrsa Þórðardóttir, prestur að Hálsi í Fnjóskadal, flytur.
18.00 **Stundin okkar.** Umsjón Helga Steffensen.



18.25 **Gauksunginn**(The Cuckoo Sister). Breskur myndaflokkur í fjórum þáttum um fjölskyldu sem verður fyrir þeirri reynslu að dag nokkurn bankar stúlka upp á hjá henni og kveðst vera dóttir hjónanna sem rænt var sjö árum áður.
18.55 **Táknmálsfréttir.**
19.00 **Roseanne.** Bandarískur gamanmyndaflokkur. Þýðandi Þrándur Thoroddsen.
19.30 **Kastljós á sunnudegi.** Fréttair og fréttaskýringar.
20.35 **Verum viðbúin!** – Að útbúa létta máltíð
20.45 **Matador Þrettándi þáttur.** Danskur framhaldsmyndaflokkur í 24 þáttum. Leikstjóri Erik Balling. Aðalhlutverk Jörgen Buckhöj, Buster Larsen, Lily Broberg og Ghita Nörby.
22.15 **Mannlegur þáttur** -Sjoppumenning. Meðal þeirra sem koma fram í þættinum eru Sigurður A. Magnússon rithöfundur, Pétur Gunnarsson rithöfundur og Eggert Þór Bernharðsson sagnfræðingur. Umsjón Egill Helgason.
22.35 **Njósnari af lífi og sál.** (A Perfect Spy) Fyrsti þáttur. Breskur myndaflokkur í sjö þáttum, byggður á samnefndri sögu eftir John Le Carré. Aðalhlutverk Peter Egan, Ray McNally, Rudiger Weigand og Peggy Ashcroft. Magnus Pym, háttsettur, breskur leyniþjónustumaður hverfur skyndilega og orsakar það mikinn taugatitring hjá yfirmönnum hans og víðtæk leit hefst.
23.30 **Úr ljóðabókinni** Jón Austmann ríður frá Reynistaðabræðrum eftir Hannes Pétursson. Flytjandi er Gísli Halldórsson en formála flytur Páll Valsson. Stjórn upptöku Jón Egill Bergþórsson.
23.40 **Útvarpsfréttir í dagskrárlok.**



## STÖÐ 2

8.00 **Rómarfjör.** Teiknimynd.
8.20 **Paw, Paws.** Teiknimynd.
8.40 **Stubbarnir.** Teiknimynd.
9.05 **Furðuverurnar.** Leikin mynd um börn sem komast í kynni við tvær furðuverur.
9.30 **Draugabanar.** Vönduð og spennandi teiknimynd.
9.50 **Dvergurinn Davíð.** Falleg teiknimynd með íslensku tali um dverginn Davíð og ævintýri hans.
10.15 **Herra T.** Teiknimynd.
10.40 **Perla.** Teiknimynd.
11.05 **Fjölskyldusögur.** Leikin barna- og unglingamynd.
11.55 **Heil og sæl. Úti að aka.** Endurtekinn þáttur frá síðastliðnum miðvikudegi um slys og slysavarnir. Umsjón: Salvör Nordal. Handrit: Jón Óttar Ragnarsson.
12.30 **Dómsorð.** Verdict. Paul Newman leikur hér lögfræðing sem misst hefur tökin á starfi sínu vegna áfengisdrykkju. Hann fær mjög dularfullt mál til meðferðar sem reynist prófsteinn á starfsframa hans. Aðalhlutverk: Paul Newman, Charlotte Rampling, Jack Warden og James Mason. Leikstjóri: Sidney Lumet. Sýningartími 130 mín.
14.35 **Menning og listir. Langston Hughes.** Langston Hughes skapaði sér sérstöðu meðal rithöfunda með stórfenglegum ljóðum, skáldsögum og leikritum sem fjölluðu um reynsluheim svartra Bandaríkjamanna.
15.35 **Lögreglustjórar.** Chiefs. Annar hluti endurtekinnar spennumyndar í 3. hlutum. Nýskipaður lögreglustjóri í smábæ einum glímir við lausn morðmáls sem reynist draga dilk á eftir sér. Aðalhlutverk: Charlton Heston, Keith Carradine, Brad Davis, Tess Harper, Paul Sorvino og Billy Dee Williams.
17.10 **Undur alheimsins.** Nova. Sannkallað neyðarástand ríkti í Argentínu á síðari hluta áttunda áratugarins. Flokkur óeinkennisklæddra manna þusti inn á veitingastaði, í leikhús eða hýbýli manna og námu heilu fjölskyldurnar á brott. Hinir brottnumdu voru fórnarlömb ódæðisverka sem unnin voru á ábyrgð stjórnvalda en alls hurfu um 30.000 manns á þennan hátt og hefur ekki spurst til þeirra síðan.
18.05 **NBA körfuboltinn.** Nokkrir af bestu íþróttamönnum heims fara á kostum.
19.19 **19:19.** Fréttir og fréttatengt efni ásamt veður- og íþróttafréttum.
20.30 **Bernskubrek.** The Wonder Years. Gamanmyndaflokkur fyrir alla fjölskylduna. Aðalhlutverk: Fred Savage, Danica McKellar o.fl.
20.55 **Tanner.** Spaugileg skrumskæling á nýafstöðnu forsetaframboði vestanhafs. Fimmti hluti. Aðalhlutverk: Michael Murphy. Leikstjóri: Robert Altman.
21.50 **Áfangar.** Sérlega vandaðir og fallegir þættir þar sem brugðið er upp svipmyndum af ýmsum stöðum á landinu, merkir fyrir náttúrufegurð eða sögu en ekki eru alltaf í alfaraleið.
22.00 **Í slagtogi.** Umsjón: Jón Óttar Ragnarsson.
22.45 **Alfred Hitchcock.** Stuttir sakamálaþættir sem gerðir eru í anda þessa meistara hrollvekjunnar. Þýðandi Pálmi Jóhannesson.
23.10 **Við rætur lífsins.** Roots of Heaven. Stórmynd með úrvalsleikurum. Myndin fjallar um hugsjónamann sem ásamt litskrúðugu fylgdarliði beitir sér gegn útrýmingu fílsins í Afríku. Aðalhlutverk: Trevor Howard, Juliette Greco, Erroll Flynn, Herbert Lom og Orson Welles. Leikstjóri: John Huston.
1.15 **Dagskrárlok.**

## Rás I
FM 92,4/93,5

7.45 **Morgunandakt.** Séra Jón Einarsson prófastur á Saurbæ flytur ritningarorð og bæn.
8.00 **Fréttir.**
8.15 **Veðurfregnir.** Dagskrá.
8.30 **Á sunnudagsmorgni með Friðriki Pálssyni, forstjóra SH.** Bernharður Guðmundsson ræðir við hann um guðspjall dagsins.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Tónlist á sunnudagsmorgni** – Mozart, Franck og Biscogli.
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.25 **Skrafað um meistara Þórberg.** Þættir í tilefni af aldarafmæli hans á þessu ári. Umsjón: Dr. Árni Sigurjónsson.
11.00 **Messa í Laugarneskirkju.** Prestur: Séra Jón Dalbú Hróbjartsson.
12.10 **Dagskrá.**
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar. Tónlist.
13.30 **Um Vilhjálm frá Skáholti.** Dagskrá í umsjá Illuga Jökulsonar.
14.30 **Með sunnudagskaffinu.** Sígild tónlist af léttara taginu, lög eftir Josef Strauss og Victor Herbert.
15.00 **Góðvinafundur.** Jónas Jónasson tekur á móti gestum í Duushúsi. Tríó Egils B. Hreinssonar leikur. (Einnig útvarpað aðfaranótt þriðjudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
16.00 **Fréttir.** Tilkynningar. Dagskrá.
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið** – Framhaldsleikrit barna og unglinga: „Börnin frá Víðigerði" eftir Gunnar M. Magnúss sem jafnframt er sögumaður. Leikstjóri: Klemenz Jónsson. 5. þáttur af tíu. (Frumflutt 1963.)
17.00 **Frá tónleikum Fílharmóníusveitarinnar í Berlín 8. sept.** sl. – Síðari hluti. Stjórnandi: Mariss Jansons. – Sinfónía nr. 5 í d-moll op. 47 eftir Dimitri Sjostakovits. (Hljóðritun frá vestur-þýska útvarpinu í Berlín.)
18.00 **„Frú Ripley tekst ferð á hendur"**, smásaga eftir Hamlin Garland. Árni Blandon les þýðingu Ragnhildar Jónsdóttur. Tónlist. Tilkynningar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.31 **Söngur djúpsins.** Þriðji og síðasti þáttur um flamencotónlist. Umsjón: Guðbergur Bergsson. (Áður útvarpað í júlí 1981.)
20.00 **Sunnudagsstund barnanna.** Umsjón: Kristjana Bergsdóttir. (Frá Egilsstöðum.)
20.30 **Íslensk tónlist.** - „Hrif", ballettsvíta eftir Skúla Halldórsson. Íslenska hljómsveitin leikur; Guðmundur Emilsson stjórnar. – „Íslensk svíta" fyrir strokhljómsveit eftir Hallgrím Helgason. Sinfóníuhljómsveit Íslands leikur; Páll P. Pálsson stjórnar.
21.10 **Úr blaðakörfunni.** Umsjón: Jóhanna Á. Steingrímsdóttir. Lesari með henni: Sigurður Hallmarsson. (Frá Akureyri.)
21.30 **Útvarpssagan:** „Þjónn þinn heyrir" eftir Söru Lidman. Hannes Sigfússon les þýðingu sína. (6)
22.00 **Fréttir.** Dagskrá morgundagsins. Orð kvöldsins.
22.15 **Veðurfregnir.**
22.30 **Harmoníkuþáttur.** Umsjón: Högni Jónsson.
23.00 **Uglan hennar Mínervu.** Þáttur um heimspeki, Arthúr Björgvin Bollason ræðir við Pál Skúlason. (Áður á dagskrá í nóvember 1984.)
23.40 **Tónlist.**
24.00 **Fréttir.**
00.10 **Ómur að utan.** Umsjón: Signý Pálsdóttir.
01.00 **Veðurfregnir.** Næturútvarp á samtengdum rásum til morguns.

## RÁS 2
FM 90,1

9.03 **Sunnudagsmorgunn með Svavari Gests.** Sígild dægurlög, fróðleiksmolar, spurningaleikir og leitað fanga í segulbandasafni Útvarpsins.
11.00 **Úrval vikunnar.** Úrval úr dægurmálaútvarpi vikunnar á rás 2.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Spilakassinn.** Pétur Grétarsson spjallar við hlustendur sem freista gæfunnar í Spilakassa rásar 2.
15.00 **Vinsældalisti rásar 2.** Stefán Hilmarsson kynnir tíu vinsælustu lögin. (Endurtekinn frá föstudagskvöldi.)
16.05 **Á fimmta tímanum** – „Band of Holy Joy". Skúli Helgason fjallar um ensku hljómsveitina „Band of Holy Joy" í tali og tónum í tilefni af tónleikum hennar hér á landi 12. febrúar. (Einnig útvarpað aðfaranótt fimmtudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
17.00 **Tengja.** Kristján Sigurjónsson tengir saman lög úr ýmsum áttum. (Frá Akureyri.)
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.31 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum tónlistarmönnum.
20.30 **Útvarp unga fólksins.** Við hljóðnemann er Vernharður Linnet.
21.30 **Kvöldtónar.** Lög af ýmsu tagi.
22.07 **Á elleftu stundu.** Anna Björk Birgisdóttir í helgarlok.
01.10 **Vökulögin.** Lög af ýmsu tagi í næturútvarpi til morguns. Sagðar fréttir af veðri, færð og flugsamgöngum kl. 5.00 og 6.00. Veðurfregnir frá Veðurstofu kl. 1.00 og 4.30. Fréttir kl. 2.00, 4.00, 8.00, 9.00, 10.00, 12.20, 16.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

## Stjarnan
FM 102,2 & 104

10.00 **Líkamsrækt og næring.** Jón Axel Ólafsson sér um morgunleikfimina.
14.00 **Ís með súkkulaði.** Gunnlaugur Helgason með tónlist fyrir sunnudagsrúntinn.
18.00 **Útvarp ókeypis.** Góð tónlist, engin afnotagjöld.
21.00 **Kvöldstjörnur.** Ljúfari tónar en orð fá sagt.
1.00 **Næturstjörnur.** Tónlist fyrir nátthrafna.

## FM 98,9 BYLGJAN

10.00 **Haraldur Gíslason.** Þægileg sunnudagstónlist.
13.00 **Margrét Hrafnsdóttir.** Lífleg stemmning hjá Margréti.
16.00 **Ólafur Már Björnsson.** Góð sunnudagstónlist. Óskalagasíminn er 61 11 11.
21.00**Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Þægileg tónlist á sunnudegi.
24.00 **Næturdagskrá Bylgjunnar.**

## ALFA
FM·102,9

14.00 **Orð Guðs til þín.** Endurfl. frá þriðjudegi.
16.00 **Alfa með erindi til þín: Guð er hér og vill finna þig.** Blessunarrík tónlist spiluð. Lesið úr orðinu kl. 15.00 (stuttir lestrar, spiluð lög á milli). Á bilinu 15.00–15.30 er lögð áhersla á íslensk lög og aðra norræna tónlist.
21.00 **Orð Guðs til þín.** Endurfl. frá fimmtudegi.
22.00 **Alfa með erindi til þín,** frh.
24.00 **Dagskrárlok.**

## ÚTRÁS
FM 104,8

Lukkuvika á Útrás og fyrirkomulagið með öðru sniði en venjulega. Rjóminn af þáttagerðarmönnum stöðvarinnar sér um dagskrána og verða þeir með ýmsar uppákomur. Góð tónlist situr að sjálfsögðu í fyrirrúmi en að auki verða viðtöl við landsþekktar persónur, glens & grín, að ógleymdum getraunum þar sem veitt verða hin ótrúlegustu verðlaun. Því er best fyrir ykkur að vera góð og **stillt.**

## Rót ÚTVARP
FM 106,8

11.00 **Sígildur sunnudagur.** Leikin klassísk tónlist. Umsjón: Jón Rúnar Sveinsson.
13.00 **Prógramm.** Tónlistarþáttur í umsjá Sigurðar Ívarssonar. Nýtt rokk úr öllum heimsálfum.
15.00 **Múrverk.** Tónlistarþáttur í umsjá Kristjáns Freys.
16.30 **Mormónar.** E.
17.00 **Á mannlegu nótunum.** Umsjón: Flokkur mannsins.
18.00 **Úr ritverkum Þórbergs Þórðarssonar. Jón frá Pálmholti les.**
**18.30 Opið.**
19.00 **Sunnudagur til sælu.** Umsjón: Gunnlaugur, Þór og Ingó.
20.00 **FÉS.** Unglingaþáttur í umsjá Íslenskra ungtemplara.
21.00 **Barnatími.**
21.30 **Opið.**
22.30 **Nýi tíminn. Bahá'ísamfélagið á Íslandi.**
**23.00 Kvöldtónar.**
23.30 **Rótardraugar.**
24.00 **Poppmessa í G-dúr. Tónlistarþáttur í umsjá Jens Guð. E.**
**2.00 Dagskrárlok.**

## Hljóðbylgjan
**Reykjavík FM 95,7**
**Akureyri FM 101,8**

9.00 **Haukur Guðjónsson,** hress og kátur á sunnudagsmorgni.
12.00 **Ókynnt hádegistónlist.**
13.00 **Pétur Guðjónsson** sér um að hafa góða skapið í lagi á sunnudegi.
16.00 **Hafdís Eygló Jónsdóttir** spilar og spjallar.
19.00 **Ókynnt kvöldmatartónlist.**
20.00 **Íslenskir tónar.** Kjartan Pálmarsson leikur öll bestu íslensku lögin, lögin fyrir þig.
23.00 **Þráinn Brjánsson,** kveldúlfurinn mikli, spilar tónlist sem á vel við á kvöldi sem slíku.
1.00 **Dagskrárlok.**

## Ólund
Akureyri
FM 100,4

19.00 **Þungarokksþátturinn.**Tryggvi P. Tryggvason skrapar þungarokksskífur og hrellir hljóðnemann með þungarokksglefsum.
20.00 **Gatið**
21.00 **Fregnir.** 30 mínútna fréttaþáttur. Atvinnulífið í bænum og nágrenni tekið til umfjöllunar.
21.30 **Menningin** Björg Björnsdóttir. Ljóðskáld vikunnar, smásögur, tónlistarviðburðir og menning næstu viku. Viðtöl.
22.00 **Gatið: Húmanistar á mannlegu nótunum.** Félagar í Flokki mannsins sjá um þáttinn.
23.00 **Þokur.** Jón Marinó Sævarsson. Hljómsveit eða tónlistarmaður tekinn fyrir.
24.00 **Dagskrárlok.**



**Í Stundinni okkar verður m.a. sýnt leikrit sem gerist í Viðey.**

### Sjónvarp kl. 18.00:
# Stundin okkar

Í þetta skipti verður Skralli trúður mikið á ferðinni í Stundinni okkar. Hann ætlar að hjálpa Helgu við að kynna. Sigrún Hjálmtýsdóttir (Diddú) söngkona kemur og tekur lagið fyrir krakkana. Tanja, sem á heima á Kjalarnesi, kemur líka og syngur. Í Stundinni verður sýnt leikrit með Dindli og Agnarögn, það heitir Viðey og þau skreppa þangað og bralla ýmislegt. Leikendur eru Þór Tulinius og Edda Heiðrún Bachmann. Handritið er eftir Helgu Steffensen. -ÓTT

### Stöð 2 kl. 17.10:
# Undur alheimsins
### – hvernig hurfu 30 þúsund Argentínumenn?

Í þessari heimildarmynd er greint frá ódæðisverkum sem voru framin í Argentínu á árunum 1976–1983. Talið er að um 30.000 manns hafi verið numin á brott frá heimilum sínum og opinberum stöðum án þess að til þeirra hafi spurst aftur. Þetta var tími herstjórnar þegar sannkallað neyðarástand ríkti í landinu. Í myndinni er fjallað um rannsóknir mannfræðinga og ættingja hinna horfnu til að komast að afdrifum fólksins sem hvarf. Árið 1985 voru haldin réttarhöld yfir níu foringjum hersins frá þessum tíma. Talið er að mæður barna hafi verið myrtar og börnin ýmist gefin til barnlausra herfjölskyldna eða seld á svörtum markaði. Rannsóknir styðjast t.d. við bein manna úr fjöldagröfum og reynt er að afhjúpa dulargervi sem börn hafa verið sett í svo þau þekkist ekki. -ÓTT

### Rás 2 kl. 16.05:
# Á fimmta tímanum
### – Band og Holy Joy

Á fimmta tímanum í dag verður breska hljómsveitin Band og Holy Joy kynnt. Tilefnið er væntanleg Íslandsheimsókn sveitarinnar og tónleikar hennar í Tunglinu 12. febrúar nk. Í þættinum verður fjallað um sérstæða tónlist hljómsveitarinnar sem í senn er aðgengileg blanda af poppi og þjóðlegri breskri tónlist með persónulegum textum. Rætt verður við söngvara hljómsveitarinnar, Johnny Brown, sem mun leiða hlustendur í sannleikann um hugmyndir og bakgrunn hljómsveitarmeðlima. -ÓTT



**Breska hljómsveitin The Band og Holy Joy er væntanleg til landsins.**

### Sjónvarp kl. 18.25:
# Gauksunginn

Þetta er myndaflokkur frá BBC í fjórum þáttum. Dag einn bankar ung stúlka upp á heima hjá fjölskyldu nokkurri. Hún segist vera komin aftur til þeirra, hún er barnið sem rænt var frá þeim sjö árum fyrr.

Kate Seton er fimm ára stúlka sem telur sig vera einkabarn þangað til hún kemst að því að hún á eldri systur. Tveimur árum áður en hún fæddist skildi mamma hennar sitt fyrsta barn, Emmu, eftir fyrir utan verslun. Þegar hún kom út aftur var stúlkan horfin sporlaust. Einn eftirmiðdaginn mörgum árum seinna bankar svo táningsstúlka upp á, hún er illa til fara og hefur bréf með sér sem segir að hún, Rosie, sé dóttir þeirra. Þá hefst tími væntumþykju, tilfinningauppgjörs og grunsemda – er þetta virkilega Emma? Hjá yngri stúlkunni togast á ýmist spenningur, ótti og afbrýðisemi. -ÓTT